

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Hurðarbak Hurðarbak, Hvalfjarðarsveit



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	18.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Matfugl - Hurðarbak	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna eftirlit með hænsnabúi Matfugls við Hurðarbak. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Staða frávik

Frávik frá grein 2.6 í starfsleyfisskilyrðum. Olíugeymar og tankar á svæðinu skulu búnir árekstrar- og lekavörn. Við komu eftirlitsmanna voru framkvæmdir var verið að steypa undir olútankinn. Búið verður að steypa og koma fyrir árekstrarvörn í desember.

Frávik frá grein 1.5 í starfsleyfisskilyrðum. Eintak af starfsleyfinu skal ávallt tiltækt í fyrirtækinu og starfsmönnum kynnt ákvæði þess. Skv. bústjóra var starfsleyfi ekki á svæðinu né honum verið kynnt ákvæði þess. Eintak af starfsleyfinu er tiltækt á staðnum og bústjóra verið kynnt ákvæði þess. Fráviki er lokað.

Frávik frá grein 2.2 í starfsleyfisskilyrðum. Bílar frá gömlu þrotabúi standa nú við mykjutank og er hætta af mengun frá þeim í jarðveg vegna olíu/rafgeyma. Ekkert skal geymt á lóðinni óviðkomandi rekstrinum. Búið er að fjarlægja bílana og er frávikinu lokað.

Farið var í skoðunarferð um svæðið. Búið er að fjarlægja bíla frá mykjutank og almennt var snyrtilegt í kringum búið. Engar kvartanir hafa borist vegna rekstursins á árinu og ekki var tilefni til athugasemda í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.01.2019


Einar Halldórsson